



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda í grunnskólum utan Reykjavíkur

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. júní 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna fram svohljóðandi tillögu ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. júní 2019, um viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur, bréfi Alþjóðaskólans á Íslandi, dags. 20. maí 2019, varðandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem greitt er framlag með vegna náms í International School of Iceland og umsögn sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 20. júní 2019, um viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur:

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2019 - 2020 verði eftirfarandi:

Waldorfskólinn Lækjarbotnum; 64 reykvískir nemendur.

International School of Iceland; 30 reykvískir nemendur.

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ; 5 reykvískir nemendur.

Grunnskólinn NÚ, Framsýn; 15 reykvískir nemendur.

Ákvörðun um viðmið er tímabundin og gildir til 1. júlí 2020, fyrir þann tíma verður tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu. Með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 20. júní 2019

Bréf Alþjóðaskólans á Íslandi, dags. 20. maí 2019

Umsögn sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 20. júní 2019



Minnisblað

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur

Lagt er til að sett verði viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur til samræmis við eftirfarandi:

Waldorfskólinn Lækjarbotnum:

Skólaárið 2018-2019 stunda 41 reykvískur nemandi nám í skólanum en viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt var að greiða framlag vegna skólaársið 2018 - 2019 var 64. Samkvæmt upplýsingum skólans, dags. 20. júní 2019, er gert ráð fyrir að í skólanum verði 48 reykvískir nemendur skólaárið 2019 – 2020 en fram kemur að fjöldinn geti tekið breytingum þegar líður að hausti.

Lagt er til að viðmið um hámarkfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skólaársins 2019-2020 verði óbreytt eða 64 nemendur.

Alþjóðaskólinn á Íslandi:

Skólaárið 2018-2019 stunda 20 reykvískir nemendur nám í skólanum en viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt var að greiða framlag vegna skólaárið 2018-2019 var 30 nemendur.

Með bréfi, dags. 20. maí 2019, fer Alþjóðaskólinn á Íslandi fram að að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt verði að greiða framlag vegna verði hækkað í 40 - 50 nemendur. Samkvæmt upplýsingum skólans, dags. 19. júní 2019, eru 22 reykvískir nemendur skráðir í skólann skólaárið 2019 – 2020 en sú tala geti breyst með þeim hætti að reykvískir nemendur verði 26 – 28.

Lagt er til að viðmið um hámarkfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skólaárið 2019 – 2020 verði óbreytt eða 30 nemendur.

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ:

Skólaárið 2018-2019 stundar enginn reykvískur nemandi nám við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ. Núverandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna er 5. Ekki hefur borist staðfesting á fjölda skráðra reykvískra nemenda í skólann vegna skólaársins 2019 - 2020.

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skólaárið 2019 - 2020 verði óbreytt, 5 nemendur.

Grunnskólinn NÚ, Framsýn:

Skólaárið 2018-2019 stunda 4 reykvískir nemendur nám í skólanum sem er þriðja rekstrarár skólans. Núverandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skólaárið 2018-2019 eru 15 nemendur. Samkvæmt upplýsingum skólans, dags. 20. júní 2019, eru 6 reykvískir nemendur skráðir í skólann skólaárið 2019 – 2020 og 2 eru á biðlista.

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skólaárið 2019 -2020 verði óbreytt eða 15 nemendur.

Fyrirvarar og gildistími:

Tekið er fram að með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknnum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélagsins. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.

Í öllum tilvikum er lagt til að ákvörðun um viðmið verði tímabundin vegna skólaárið 2019 - 2020.

Greinargerð:

I Forsaga málsins

Á 139. fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. maí 2018 var samþykkt tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs í bréfi, dags. 7. maí 2018, til skóla- og frístundaráðs, um viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna í International School of Iceland, Waldorfskólanum Lækjarbotnum, Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ og grunnskólanum Nú Framsýn. Þann 31. maí 2018 samþykkti borgarráð erindið. Í öllum tilvikum var ákvörðun tímabundin til 1. júlí 2019 og að fyrir þann tíma skyldi tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu. Á fundi borgarráðs þann 5. júlí 2018 var samþykkt tillaga skóla- og frístundaráðs frá 27. júní 2018 um hækkun á viðmiði á hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna náms í International School of Iceland.

Þann 6. maí 2019 sendi skóla- og frístundasvið International School of Iceland, Barnaskóla Hjallastefnunnar, Waldorfskólanum Lækjarbotnum og grunnskólanum NÚ Framsýn bréf þar sem tilkynnt var að fyrirhugað væri að leggja til við skóla- og frístundaráð að viðmið um hámarksfjölda nemenda héldist óbreytt næstu þrjú skólaár. Var skólunum veittur kostur á að koma að sjónarmiðum sínum vegna þessa eigi síðar en 14. maí. Bréf, dags. 20. maí 2019, barst frá Alþjóðaskólanum á Íslandi, sbr. umfjöllun hé að ofan.

Frá árinu 2016 hafa viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda í sjálfstætt reknum grunnskólum utan Reykjavíkur verið ákveðin árlega.

II Ákvæði laga um grunnskóla og reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla

Í 43. gr. a - f laga um grunnskóla nr. 91/2008 er fjallað um sjálfstætt rekna grunnskóla.

Til samræmis við 1. mgr. 43. gr. a í lögum um grunnskóla er kveðið á um að sveitarfélag sem skóli starfar í skuli gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans.

Í ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum eða reglugerð nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla er ekki kveðið beint á um réttarstöðuna milli sveitarélags og sjálfstætt rekens grunnskóla þegar sótt er um innritun í sjálfstætt rekinn grunnskóla fyrir barn sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi en skólinn er staðsettur í.

Ekki er gert ráð fyrir að þjónustusamningur sé gerður milli viðkomandi sveitarfélags og viðkomandi grunnskóla og á sveitarfélagið því ekki aðkomu að málum sem varða innritun, gjaldtöku eða skólagöngu barnsins, m.a. vegna þeirrar sérfræðiþjónustu sem hlutaðeigandi barn kann að þurfa. Þetta hefur m.a. þau áhrif að sveitarfélag getur ekki í þjónustusamningi takmarkað þann fjölda nemenda sem sækja sjálfstætt rekinn grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags líkt og kveðið er á um að heimilt sé að gera í þjónustusamningi gagnvart sjálfstætt reknum grunnskóla í viðkomandi sveitarfélagi.

Þrátt fyrir framangreint er það mat skóla- og frístundasviðs að sveitarfélagi sé heimilt á grundvelli framangreinds lagaákvæðis í grunnskólalögum og stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélaga til sjálfstjórnar skv. 78. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 að takmarka fjárframlög sín til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan sveitarfélagsins en tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir, sbr. einnig 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Við það er miðað að sama framlag verði greitt til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur og gilda skv. 8. gr. reglugerðar nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla. Í 1. mgr. 8. gr. kemur fram að framlagið skuli nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

III Upplýsingar um fjárhagslega áhrif

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.918.177 í apríl 2019. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda kr. 1.438.633,- (dreifist á 9 mánuði, september til maí). Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar pr. nemanda er kr. 800.388,- Sá kostnaður fellur ekki niður ef laus pláss eru til staðar í grunnskólum Reykjavíkur.

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna framlaga til sjálfstætt rekinna grunnskóla miðast við nemendafjölda þeirra að hausti á rekstrarári á undan þ.e. október 2018 vegna fjárhagsáætlunar 2019. Skóla- og frístundasvið fær auknar fjárheimildir í samræmi við fjölgun/fækkun og verðlagsbreytingar framlags á fjárhagsárinu. Hækkun viðmiðs um hámarksfjölda skilar því ekki hækkun á fjárheimildum en eins og með magntölur í borgarreknum skólum þá er nemendafjölgun á fjárhagsári ávallt bætt.

Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsangar fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 20. júní 2019.

IV Afgreiðsla málsins

Með vísan til framanritaðs er lagt til að samþykkt verði að setja framangreind viðmið um leyfilegan hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna skólaárið 2019 - 2020, með fyrirvara varðandi afgreiðslu einstakra umsókna og um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári. Fallið er frá því að tekin verði ákvörðun til þriggja ára að þessu sinni.



Garðabær, 20. maí 2019

Reykjavíkurborg,
Skóla- og frístundasvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Vegna viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem greitt er framlag með vegna náms í International School of Iceland.

Í bréfi ykkar til skólans, dags. 6. maí 2019 kemur fram að Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hyggist leggja til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem Reykjavíkurborg muni greiða með til skólans vegna skólaáranna 2019-2020, 2020-2021 og 2021-2022 skulu haldast óbreytt, þ.e. 30 nemendur á ári.

International School of Iceland vill koma á framfæri að nemendum frá Reykjavík hefur fjölgað jafnt og þétt við skólann undanfarin ár. Skólaárið 2020-2021 hyggst skólinn taka í notkun hluta af nýju húsnæði sínu og mun þá vera í stakk búinn til að taka við enn fleiri nemendum. International School of Iceland leggur því til að ef á að fastsetja fjölda nemenda frá Reykjavík sem geta stundað nám við skólann næstu þrjú árin að viðmiðið verði þá hækkað í 40 - 50 nemendur.

Virðingafyllst

Guðrún Hanna Hilmarsdóttir
Skólastjóri


International School of Iceland
Löngulínu 8,
210 Garðabær
hanna@internationalschool.is

SKJALAVER
HÖFÐATORGI

27. MAÍ 2019

Málsnr.: SFS 2016-04-0020

Bréfalykill: 7.3



Umsögn

Til: Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsvið

Efni: Viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs hefur óskað eftir umsögn um viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur.

Tillagan varðar skólaárið 2019-2020. Hún er vegna eftirtaldrá skóla og er efnislega eftirfarandi:

- Waldorfskólinn Lækjarbotnum – hámark verði óbreytt eða 64 nemendur. Nemendur voru 41 á síðasta skólaári. Áætlað er að 48 reykvískir nemendur verði í skólanum á næsta skólaári.
- Alþjóðaskólinn á Íslandi – hámark verði óbreytt eða 30 nemendur. Nemendur voru 20 á síðasta skólaári. Áætlað er að 22 reykvískir nemendur verði í skólanum á næsta skólaári.
- Barnaskóli Hjallastefnunnar – hámark verði óbreytt eða 5 nemendur. Nemendur voru 0 á síðasta skólaári. Ekki hafa borist upplýsingar um reykvíska nemendur á næsta skólaári.
- Grunnskólinn Nú, Framsýn – hámark verði óbreytt eða 15 nemendur. Nemendur voru 4 á síðasta skólaári. Áætlað er að 6 reykvískir nemendur verði í skólanum á næsta skólaári.

Umsögn:

Tillagan gerir ráð fyrir að hámarksfjöldi reykvískra nemenda í viðkomandi skólum verði allt að 114 börn skólaárið 2019-2020, sem er 49 nemendur umfram síðasta skólaár. Áætluð fjölgun reykvískra barna skv. upplýsingum frá skólunum nemur 11 börnum, sjá eftirfarandi töflu:

Skóli	Fj. nemenda 2018-2019	Áetl. fj. nemenda 2019-2020	Áætluð fjölgun	Hámark 2019-2020	Hámark umfram fjárheimildir	Tillaga
Waldorfskólinn Lækjarbotnum	41	48	7	64	23	Óbr. hámark
Alþjóðaskólinn á Íslandi	20	22	2	30	10	Óbr. hámark
Barnaskóli Hjallastefnunnar	0	0	0	5	5	Óbr. hámark
Grunnskólinn Nú, Framsýn	4	6	2	15	11	Óbr. hámark
Samtals	65	76	11	114	49	

Sé tekið mið af áætlun skólanna um fjölda reykvískra barna á næsta skólaári má gera ráð fyrir að kostnaður Reykjavíkurborgar verði um 109.336 þ.kr. vegna næsta skólaárs. Sé tekið mið af nemendafjölda síðasta skólaárs voru útgjöld m.v. sama einingakostnað 93.511 þ.kr. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna fjölgunarinnar nemur 3.684 þ.kr. á ársgrundvelli ef frá er talinn breytilegur kostnaður vegna barns í borgarreknum grunnskólum. Skuldbinding Reykjavíkurborgar umfram fjárheimild sviðsins nemur hins vegar allt að 16.412 þ.kr. á ársgrundvelli ef tekið er mið af hámarks viðmiði, sbr. eftirfarandi:

Fjárhagsleg áhrif (þ.kr.)	Kostn. pr. nemanda	Kostn. '18-'19	Áætl. kostn. '19-'20	Áætlun umfram fjárheimildir	Hámarks kostn.-viðmið	Skuldbinding umfram fjárheimildir
Kostnaður (þ.kr.)	1.439	93.511	109.336	15.825	164.004	70.493
Til frádráttar	-1.104			-12.141		-54.081
Nettó skuldbinding umfram fjárheimildir				3.684		16.412

Sé tekið mið af fyrirliggjandi upplýsingum um meðalkostnað pr. barn í grunnskólum Reykjavíkur frá árinu 2017 og hann framreiknaður til ársins 2019 má gera ráð fyrir að hann sé 1.904 þ.kr. hvert skólaár. Þar af er fastur kostnaður borgarinnar 800 þ.kr. skv. upplýsingum sviðsins. Breytilegur kostnaður í borgarreknum skólum nemur því sem eftir stendur eða 1.104 þ.kr. pr. barn.

Til skemmri tíma litið er ekki raunhæft að gera ráð fyrir því að hægt sé að lækka fastan kostnað í borgarreknum grunnskólum þó fleiri börn fari í einkarekna grunnskóla, því fjármagn er m.a. bundið í húsakosti borgarinnar og ýmsum föstum rekstarkostnaðarliðum sem ekki er hægt að skera niður þó að um lítilsháttar fækkun nemenda sé að ræða milli ára. Til skemmri tíma er því eðlilegt að bera saman breytilegan kostnað borgarrekinnna grunnskóla við gjaldið sem greitt er til einkarekinna grunnskóla. Kostnaðarauki borgarinnar nemur með þeim hætti 335 þ.kr. pr. barn og hreinn viðbótarkostnaður er því áætlaður 16.412 þ.kr. m.v. 49 börn, sjá töflu:

	Meðalk. pr. barn (þ.kr.)	Þar af FK pr.barn	Þar af BK pr.barn	Til samanburðar
Borg	1.904	800	1.104	1.104
Einka	1.439			1.439
			Mism. pr. barn	335

Skólaárið 2019-2020	Áætl. fj. barna	Hámarks-viðmið
Fjöldi nemenda	11	49
Borg	12.141	54.081
Einka	15.825	70.493
Hreinn viðbótarkostn.	3.684	16.412

Til lengri tíma litið má ætla að það komist á jafnvægi á milli borgarrekinnna og einkarekinna grunnskóla og hægt verði að spara í föstum kostnaði Reykjavíkurborgar með sveigjanleika í nýtingu á rými og fastri aðstöðu. Þegar svo er komið er ódýrara fyrir borgina að vista börn í einkareknum grunnskólum miðað við í borgarreknum grunnskólum og felst mismunurinn í því að aðeins er greitt 75% meðalkostnaðar við rekstur grunnskóla á landsvísu.

Áhrif á fjárheimildir sviðsins 2019

Burtséð frá því sem fram kemur hér að ofan þá er ekki vitað nákvæmlega hver endanlegur barnafjöldi verður í grunnskólum Reykjavíkurborgar í haust eða hvernig nemendur muni koma til með að skiptast á milli einkarekinna og borgarrekinnna grunnskóla. Það er í því nauðsynlegt að gera ráð fyrir því að það þurfi að fjármagna að fullu þá fjölgun sem verður í ofangreindum skólum að hausti eða skv. eftirfarandi:

Til fjármögnunar 2019	2019
Fjöldi nemenda	11
Kostn.pr. nemenda	1.439
Samtals á ársgrundvelli	15.825
Kostn. á haustönn 2019	6.594

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

